

Gjafir til Krabbameinsfélagsins

Undanfarið hafa margar gjafir og mörg áheiti runnið til Krabbameinsfélags Íslands. Má þar nefna áheiti frá fyrirtæki, sem ekki kærir sig um að láta nafns síns getið. Upphæðin var 255.878 krónur, en fyrr á þessu ári fékk Krabbameinsfélagið einnig áheiti frá þessu sama félagi að upphæð 125.000 krónur.

Nemendur Húsmæðraskólans að Laugalandi í Eyjafirði '44-'45 gáfu minningargjöf um Huldu

Indriðadóttur frá Arnarholti í Biskupstungum, að fjárhæð 60.000 krónur.

Minningargjöf frá Valgerði Guðmundsdóttur að fjárhæð 20.000 krónur. Til minningar um eiginmann Valgerðar, Hjálmar Jóhannsson og dóttur hennar, Guðrúnu Hjálmarsdóttur.

Nemendur úr 4. bekk Verzlunarskóla Íslands '57, minnst tveggja latínna skólafélaga í tilefni af 20 ára útskriftarafmæli, með rúmlega 120.000 króna gjöf til Krabbameinsfélagsins.

Auk þeirra, sem upp hafa verið taldir hefur fjöldi annarra gefið gjafir og áheiti, bæði litlar og miklar upphæðir.

Íslenzk ullaráklæði vekja mikla athygli erlendis

Fyrr á þessu ári hóf Ála-foss h.f. framleiðslu og sölu nýrrar tegundar ullaráklæða. Hefur þessi nýja framleiðsla vakið mikla athygli erlendis nú þegar og umsagnir verið mjög lofsamlegar.

Nýlega birtist t.d. grein í tíma-

ritinu „Textile Month“ sem er eitt virtasta rit, sem gefið er út um vefnaðaríðnaðinn, en þar var sagt frá áklæða- og gólfteppasýningu sem haldin var í London á dögunum.

Þar var meðal annars farið mjög lofsamlega um íslenzku áklæðin, og þau talin meðal „besta“ sem hafi verið á sýningunni. —JSS

Ný hárskerastofa opnuð


A fimmtudaginn var opnaði Garðar Sigurgeirsson hárskerastofu að Hótel Loffleðum.

Garðar hefur starfað sem hárskeri í átta ár, þar af fjögur síðustu árin í Osló hjá nýkrýndum Evrópumeistara, í hárskurði, Kaare A. Nielsen. Garðar lærði hárskurð hjá Guðjóni Jónassyni að Veltusundi 1.

Guðjón hefur tekið þátt í allmörgum hárskurðarmótum og unnið til verðlauna bæði hérlendis og erlendis.

Hárskerastofa Garðars verður opin frá 9-6 virka daga.

—ATA



Stórgjöf til Hveragerðiskirkju

Hinn 1. nóv. síðastliðinn, afhenti Gíslí Sigurbjörnsson forstjóri elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar, Hveragerðiskirkju kr. 2.200.000.00 að gjöf.

Stjórn Grundar gefur þessa stórkostlegu gjöf úr stofnendastjóði, til minningar um stofnendur, þá séra Sigurbjörn A.

Gíslason, Flosa Sigurðsson, Harald Sigurðsson, Júlíus Arnason og Pál Jónsson, í tilefni af 55 ára afmæli Grundar, þ. 29. okt. 1977.

Fyrir hönd safnaðarins, færir prestur og sóknarnefnd, forstjórnunum og stjórn Grundar, alúðarþakkið fyrir höfðingjlega gjöf og biður þeim og stofnuninni blessunar guðs. (Fréttatilkynning.)

Af nýjum bókum

Skákþjálfun eftir Alexander Koblenz

Út er komin hjá Timaritinu Skák, ný bók handa skákunnendum. Nefnist hún Skákþjálfun, og er eftir Sovésk skákþjálfarann Alexander Koblenz.

Nafn þessa manns er, útaf fyrir sig, trygging fyrir góðri vöru. Koblenz var persónulegur trúnaðarvinur og þjálfari Michail Tals, fyrrverandi heimsmeistara, á meðan sá síðarnefndi stóð í slagnum við Botvinnik. Tal þakkaði það ekki sist afburðagóðum ráðleggingum A. Koblenz, að hann náði því takmarki sínu að verða heimsmeistari.

Bókin er 144 bls. og skiptist í 16 kennslustundir, auk æfingakafla sem fylgja hverri kennslustund. Bókin er sérstaklega skrifuð fyrir þá sem ætla sér að ná langt í skáklistinni, og má því búast við að handagangurverði í öskjunni, um það bil sem upplag bókarinnar þrýtur.

Íslendingar eru frágir fyrir að láta ekki góðar bækur fram hjá sér fara, allra sist um skák, og er ekki að efa, að allir þeir, sem gaman hafa af töfrum skáklistarinnar, tryggi sér eintak í tíma, áður en það er of seint.

—ÖB



92% fallinna dóma varða umferðarlagabrot

Samkvæmt skýrslu sem prófessor Ármann Snævarr hefur tekið saman um dóma á Íslandi á árunum 1972-1974, þá varðar yfirgnæfandi meirihluti fallinna dóma brot á umferðarlögum. Á þessu árabili hafa fallið alls 1972 dómar, þar af hvorki meira né minna en 1826 fyrir umferðarlagabrot eða um 92%.

Þessar upplýsingar komu fram í máli Sigurlaugar Bjarnadóttur, alpm. þegar hún mælti í gær fyrir frumvarpi um breytingar á umferðarlögum en það flytur hún ásamt Ellert B. Schram. Megin-

efni frumvarpsins er það að við endurnýjun ökuskruteinis skuli umsækjandi standast skriflegt próf í umferðarlöggjöf. Þá er gert ráð fyrir að taka upp „punktakerfi“ fyrir handhafa ökuleyfa. Skal þá skráð hjá lögreglustjóranum í Reykjavík brot sem viðkomandi ökumaður fremur á ökuferli sínum í hvaða lögsagnarumdæmi sem er og ef í ljós kemur að sami maður er valdur að itrekuðum umferðarlagabrotum þá skal hann sviptur ökuleyfi um lengri eða skemri tíma.

Sigurlaug Bjarnadóttir minnti á hinn geigvænlega slysafaraldur sem gengið hefur yfir að undanförnu t.d. það að nú þegar væru banaslys í umferð á þessu ári orðin 30 talsins. Sagði hún nauðsynlegt að sporna við fótum

varðandi versnandi umferðarmenningu og kvað „sofandahátt, glannaskap, ósvifni og frekju“ orsakir flestra óhappa í umferðinni.

Karvel Pálmason tók til máls um frumvarpið og lýsti stuðningi við það. Hann kvaðst hafa verið samskonar frumvarpi andvígur í fyrri, þar sem í því hefðu verið tvö atriði sem nú væru fallin út. Annað væri ákvæðið um lögleiðingu öryggisbelta sem Karvel kvað skiptar skoðanir um hvort væri leið til úrbóta og hitt væri ákvæðið um sérstakan ökuskóla fyrir landið sem átti að vera staðsettur í Reykjavík. Hann tók undir þau orð flm. að ökuleyfisvipting væri líklega árangursríkasta aðferðin til að refsast fyrir umferðarlagabrot.

Ný pólsk grafík að Kjarvalstöðum

Laugardaginn 12. nóv. kl. 15, verður opnuð að Kjarvalsstöðum sýning á grafíkmynd-

um eftir 34 pólska myndgerðarmenn.

Verkin á sýningunni eru alls 130 talsins og unnin með ýmiskonar tækni, svo sem ætingar, akvatintur, mezzotintur, tréristur, dúkristur, þurrnál og gífsprykk.

Í tengslum við sýninguna verður kynningar- og fræðsludagskrá, sem hér segir:

Laugardaginn 12. nóv. kl. 15 — Sýningin opnuð.

Þriðjudaginn 15. nóv. kl. 20.30. Fyrirlestur: Ryszard Otreba.


Sunnudaginn 20. nóv. kl. 20. — Pólsk nútímatónlist.

Miðvikudaginn 23. nóv. kl. 20.30 — kvikmyndir um pólska grafík.

Fimmtudaginn 24. nóv. kl. 21 — Um pólska vefjalist. — Hrafnhildur Schram.




Transmission, eftir Wojciech Kryzywobtocki.



Mynd eftir Mariu JAS.



Fyrir utan gluggann, eftir Andrej Pietsch.



Flóinn um nótt, eftir Marlu Wasowsku.